

Gísli Guðni Hall



Gísli Guðni Hall býður sig fram til varastjórnar Golfklúbbs Reykjavíkur. Gísli er fæddur 1972 og er lögfræðingur að mennt. Hann hefur starfað sem lögmaður hjá Mörkinni lögmannsstofu hf. allt frá árinu 1997, þar af frá árinu 2006 sem einn eigenda. Hann býr í Grafarholtinu nálægt golfvelliinum.

Gísli byrjaði í golfi 12-13 ára og þá hjá Nesklúbbum. Hann flutti sig yfir í GR árið 1998 og hef verið meðlimur síðan. Forgjöf í dag er 4,6 og golf spilar stóran þátt í lífi hans.

Helstu áhugamál Gísla eru íþróttir af ýmsu tagi, og þá sérstaklega golf. Hann sat í vandanefnd GR um árabíl þegar helsta verkefnið var gerð Bása. Gísli hefur í mörg ár setið í áhugamennskunefnd GSÍ, undanfarin ár sem formaður.

Gísli sat í mörg ár í stjórn knattspyrnudeildar KR og er nú í samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ. Einnig hefur hann töluverða reynslu af stjórnarstörfum fyrir fyrirtæki.

Golf er áhugamál hans nr. 1. Golfklúbbur Reykjavíkur er einn stærsti golfklúbbur í Evrópu og sá langstærsti hér á landi. Klúbburinn gegnir augljóslega viðamiklu hlutverki þegar golf á Íslandi er annars vegar. Stjórn GR hefur gert margt vel, en Gísli telur sig hafa ýmislegt fram að færa til þess að gera klúbbinn enn betri. Hann hefur áhuga á þjálfun, afreksstarfi, golfvallarhönnun/umhirðu, rekstri, mótahaldi og framgangi íþróttarinnar – fyrir alla – unga jafnt sem aldna, byrjendur, meðalkylfinga og afrekskylfinga.

Golf býður upp á svo margt og það eru mörg mikilvæg verkefni framundan hjá klúbbnum. Gísli hefur bakgrunn og ástríðuna sem þarf og býður sig fram til að leggja sitt af mörkum til að stjórnun klúbbsins og þjónusta við félagsmenn verði sem allra best.

Stefán Már Stefánsson



Stefán Már Stefánsson er 34 ára kylfingur sem býður sig fram til áframhaldandi setu í varastjórn GR. Stefán býr í Fossvoginum með fjölskyldu sinni.

Stefán hefur verið meðlimur í Golfklúbbi Reykjavíkur frá árinu 1996, þá 11 ára gamall og spilaði það sama ár sína fyrstu sveitakeppni fyrir Golfklúbb Reykjavíkur og hefur gert öll ár síðan.

Stefán varð klúbbmeistari Golfklúbbs Reykjavíkur árin 2004, 2009 og 2015. Hann var í landsliðshóp frá 16 ára aldri þar sem hann tók þátt í fjölmörgum mótum í einstaklings- og liðakeppni fyrir hönd Íslands, bæði unglingsaflokki og síðan í A-landsliði og stendur þar upp úr Heimsmeistaramót sem fram fór í Suður Afríku árið 2006.

Árið 2007 tók Stefán skrefið yfir í atvinnumennsku og átti þar fjögur ágæt ár. Hann hefur mikla reynslu af unglings- og afreksstarfi og getur miðlað reynslu sinni af atvinnumennsku. Hann hefur setið í afreksnefnd GR frá árinu 2013, og var kosinn í varstjórn GR á aðalfundi 2018 og hefur verið formaður afreksnefndar síðan.

Stefán býður sig fram til áframhaldandi setu í varastjórn Golfklúbbs Reykjavíkur þar sem hann telur sig hafa margt fram að færa sem snýr að unglings- og afreksstarfi sem og öðrum mikilvægum málum hjá félaginu.

Pórey Jónsdóttir



Pórey Jónsdóttir gefur kost á sér í kjöri til varamanns í stjórn GR á komandi aðalfundi 5. desember 2019.

Hún er 56 ára, tölvunarfræðingur að mennt frá Háskólanum í Reykjavík og hef einnig lokið MBA gráðu frá Háskóla Íslands 2017, námið er meistaraþráða í stjórnun og rekstri. Lokaverkefni mitt fjallaði um PSD2 reglugerð Evrópusambandsins (Payment Services Directive 2).

Hún hefur starfað við hugbúnaðargerð frá árinu 1988 og er í dag hugbúnaðarsérfræðingur hjá Borgun hf. en þar hefur hún verið fastráðinn starfsmaður síðan 1993.

Áhugamál liggja í almennri útiveru og heilsurækt, hefur stundað skokk og léttari fjallgöngur en einnig gengið í grunnbúðir Everest. Hún hefur spilað golf frá 2004 og verið félagsmaður í Golfklúbbi Reykjavíkur síðan 2016 og þar áður hjá Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar frá 2004.

Pórey er í núverandi kvennanefnd GR og hefur áhuga á að taka þátt í og koma verkefnum áleiðis. Hún er skipulögð og stjórnsöm á jákvæðan hátt, er drífandi og tekur af skarið.

Pórey er mjög ánægð með að hafa gengið í raðir GR-inga enda Reykvíkingur í húð og hár. Vellirnir eru einstakir og fjölbreytnin góð. Mér þætti mjög áhugavert að taka þátt í framtíðarstefnumótun golfklúbbsins og leggja til liðsauka. Þekkingu, reynsla og áhugi Póreyjar geta verið gott innlegg í slíka vinnu. Hún hefur lengi haft áhuga á tæknilegum lausnum og hlakkar td. til að sjá Golfbox lausnina komast í rekstur hjá félaginu.

Friðsemd Thorarensen



Friðsemd Thorarensen hefur ákveðið að bjóða mig fram sem varamaður í stjórn GR á aðalfundi félagsins þann 5. desember næstkomandi og óskar eftir stuðningi við framboð sitt. Hún er tiltölulega ný í golfíþróttinni en hefur verið félagi í GR síðastliðið ár. Hún telur á þeim stutta tíma hafi verið eftirtektarvert hversu ötult og öflugt félagsstarf er rekið í GR undir öflugri stjórn.

Friðsemd vill leggja sitt af mörkum til að halda áfram að styrkja það góða starf sem að fram fer innan klúbbsins. Hún telur mikilvægt að allir hafi rödd innan klúbbsins hvort heldur sem er nýliðar eða þeir sem hafa stundað íþróttina til margra ára og telur það vera mikinn styrk að sem flestir hafi sinn fulltrúa í stjórn klúbbsins. Saman geti fólk lært hvert af öðru og miðlað af mismunandi reynslu.

Friðsemd er útskrifaður hjúkrunarfræðingur og með diplóma í rekstri og mannauðsstjórnun. Hún starfar nú sem hjúkrunardeildarstjóri á nýlegu hjúkrunarheimili, Seltjörn. Þar hefur hún verið virk í stjórn fagdeildar hjartahjúkrunarfræðinga og verið formaður fræðslunefndar. Hún hefur fjölbreytta reynslu af að sinna fræðslu af ýmsum toga og finnst gaman að hella sér í slík verkefni af heilum hug, hvort sem er að halda sjálf slík erindi eða halda utan um skipulagningu.